# ÍSÍ – Einstaklingar

## ⭐ Fríðindi

- Einingar innan ÍSÍ (sérsambönd, íþróttahéruð, íþrótta- og ungmennafélög og deildir þeirra) geta sótt um **inneignarkóða** til ÍSÍ fyrir einstaklinga sem ferðast á þeirra vegum til verkefna er tengjast íþróttastarfinu (dæmi: mót, æfingar, fundir, þing).
- Inneignarkóðana þarf að nálgast fyrirfram á skrifstofu ÍSÍ á hefðbundnum skrifstofutíma og því er hreyfingin hvött til að setja sig í samband við ÍSÍ í góðum tíma fyrir bókun. Til þess að fá inneignarkóða þarf að senda póst á mottaka@isi.is
- Hver inneignarkóði felur í sér **3.200 króna inneign** upp í einstaklingsfargjald.
- Hægt er að nota inneignina upp í fargjöld í öllum verðflokkum sem í boði eru á bókunarsíðu Icelandair. Þar sem afslátturinn er föst upphæð þá er hann hlutfallslega hagstæðastur á lægstu fargjöldunum.
  Góður fyrirvari á bókun getur því borgað sig.

## 📌 Skilyrði

- Einstaklingsbókanir fara alfarið í gegnum bókunarvél á vefsíðu Icelandair.
- Einungis er leyfilegt að nota einn inneignarkóða pr. fluglegg.
- Ekki er leyfilegt að nota inneignarkóða á móti breytingagjaldi.